



LEX ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 4. nóvember 2021
Tilv.: UMH21100059/8.14

Vísað er til erindis yðar, f.h. veiðifélags Ytri-Rangár, frá 19. október sl. þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi vegna aukinnar framleiðslu í seiðaeldisstöð að Húsafelli í Borgarbyggð. Í erindinu kemur fram að ástæðan fyrir því að óskað er eftir undanþágu sé að samræma þurfi starfsemi stöðvarinnar við gildandi reglur um skilyrði starfsemi af þessu tagi. Frá útgáfu gildandi starfsleyfis hafi reglur á þessu sviði breyst og séu starfsleyfi eldisstöðva nú miðuð við lífmassa í stöð en ekki fjölda seiða hverju sinni. Fjöldi seiða í eldisstöðinni hafi farið yfir framangreind viðmið gildandi starfsleyfis og hafi það verið skráð sem frávik í eftirliti. Telji umsækjandi mikilvægt að koma starfsleyfi stöðvarinnar þannig fyrir að frekar sé miðað við lífmassa í samræmi við gildandi reglur. Ný umsókn veiðifélagsins um starfsleyfi miði við allt að 40 tonna lífmassa. Umsækjandi bendi á að eldisstöð veiðifélagsins hafi verið starfrækt í Húsafelli í um þrjá áratugi og að engar breytingar eða framkvæmdir séu fyrirhugaðar í rekstri stöðvarinnar í tengslum við fyrrnefnda umsókn um starfsleyfi. Starfsemin muni því vera óbreytt fyrir og eftir útgáfu nýs starfsleyfis fyrir utan aukningu úr 12 tonna framleiðslu í 40 tonna lífmassa. Fyrrnefndri umsókn um starfsleyfi sé einungis ætlað að framlengja gildistíma núgildandi starfsleyfis og koma leyfismálum í samræmi við núgildandi lög og reglur um lífmassa í stað fjölda seiða. Umsækjandi bendi einnig á að rekstur stöðvarinnar hafi gengið vel í áratugi, að dýralæknir hafi reglulegt eftirlit með stöðinni og að stöðin sé aðeins notuð til að framleiða gönguseiði fyrir laxveiðiar úr náttúrulegum laxastofni. Þá bendi umsækjandi á að ríkar ástæður mæli með því að tímabundin undanþága verði veitt varðandi fjölda seiða þar sem tímabundin og sértæk undanþága kæmi í veg fyrir að farga þyrfti heilbrigðum seiðum sem í stöðinni eru umfram þann fjölda sem kveðið sé á um í gildandi starfsleyfi. Umsækjandi bendi á að starfsemin hafi staðist allar kröfur starfsleyfisins að öðru leyti og að veiðifélagið leggi mikinn metnað í heilbrigði seiða, mengunarvarnir og öryggismál.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Matvælastofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 3. nóvember sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram stofnunin staðfesti að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist stofnuninni og að fyrir liggja ákvörðun um matsskyldu þar sem Skipulagsstofnun komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin telji rétt að benda á að Veiðifélag Ytri-Rangár sé handhafi starfsleyfis sem er í gildi til 1. janúar 2023. Umsækjandi hafi sótt um nýtt starfsleyfi þar sem gert sé ráð fyrir því að miðað sé við lífmassa í stað fjölda seiða í samræmi við gildandi reglur. Undanþágan snúi því að aukinni framleiðslu samkvæmt nýju starfsleyfisumsókninni. Stofnunin telji í ljósi framangreinds að ríkir hagsmunir mæli með því að undanþága verði veitt. Umhverfisstofnun geri því ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt frá kröfu um starfsleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Vesturlands barst með tölvupósti 28. október 2021. Þar kemur fram að nefndin gerir ekki athugasemdir við að tímabundin undanþága frá starfsleyfi vegna aukinnar framleiðslu Veiðifélags Ytri-Rangár verði veitt.

Umsögn Matvælastofnunar barst með bréfi, dags. 3. nóvember sl. Í umsögninni kemur fram að Veiðifélag Ytri-Rangár hefur ekki haft rekstrarleyfi að Húsafelli. Félagið hafi sótt um rekstrarleyfi fyrir eldisstöð sína að Húsafelli þann 8. desember 2020 og vinni Matvælastofnun að vinnslu umsóknarinnar. Veiðifélag Ytri-Rangár sækir um rekstrarleyfi fyrir 40 tonna hámarkslífmassa í seiðaeldi á laxi að Húsafelli. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 1. október 2021 sé starfsemin að Húsafelli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Matvælastofnun telji að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðni Veiðifélags Ytri-Rangár á meðan rekstraraðili vinnur á virkan hátt að umsóknum sínum um starfsleyfi og rekstrarleyfi. Ráðuneytið óskaði eftir frekari upplýsingum frá Matvælastofnun varðandi rekstrarleyfi. Í tölvupósti til ráðuneytisins þann 3. nóvember sl. kemur fram að í 20 gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sé fjallað um auglýsingu að tillögu að rekstrarleyfi. Þar er kveðið á um að Matvælastofnun skuli vinna tillögur að rekstrarleyfum og auglýsa á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar skuli liggja fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi sé auglýst opinberlega. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Matvælastofnunar innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Loks sé kveðið á um að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun skuli auglýsa tillögu að rekstrar- og starfsleyfi á sama tíma. Mat Matvælastofnunar sé það að veiti ráðuneytið undanþágu frá starfsleyfi geti Matvælastofnun auglýst tillögu að rekstrarleyfi og síðan gefið út rekstrarleyfi og afhent það. Verði undanþága ekki veitt þá muni Matvælastofnun biðja með auglýsingu þar til Umhverfisstofnun sé tilbúin með tillögu að starfsleyfi.

Eldisstöð Veiðifélags Ytri-Rangár hefur verið starfrækt í Húsafelli í um þrjá áratugi og er með starfsleyfi sem er í gildi til 1. janúar 2023. Engar breytingar eða framkvæmdir eru fyrirhugaðar í rekstri stöðvarinnar í tengslum við fyrirbyggjandi umsókn um starfsleyfi og mun starfsemin vera óbreytt fyrir og eftir útgáfu nýs starfsleyfis fyrir utan magnaukningu og breytingu úr fjölda seiða í lífmassa, í samræmi við núgildandi lög og reglur. Umsókn um starfsleyfi er tilkomin svo að leyfismál félagsins verði í samræmi við núgildandi lög og reglur um lífmassa í stað fjölda seiða. Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist Umhverfisstofnun þar sem gert sé ráð fyrir því að miðað sé við lífmassa í stað fjölda seiða í samræmi við gildandi reglur. Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Beiðnin um undanþágu snýr að aukinni framleiðslu samkvæmt nýju starfsleyfisumsókninni. Ljóst er að ríkir hagsmunir mæla með því að undanþága verði veitt þar sem félagið er með starfsleyfi og hefur starfað samkvæmt því en uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru um að miðað sé við lífmassa, vegna breytinga á lagaumhverfi.

Í ljósi framangreinds, umsagna Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita starfsemi Veiðifélags Ytri-Rangár., kt. 6910922599, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar lífmassa í landeldisstöð (seiðaeldi) að Húsafelli í Borgarbyggð að því tilskildu að félagið uppfylli að öðru leyti ákvæði gildandi starfsleyfis og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og

mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþága þess er takmörkuð við að framleiðsla miði við 40 tonna lífmassa í stað fjölda seiða.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 25. mars 2022.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Matvælastofnun
Heilbrigðisnefnd Vesturlands